

Mál nr. 100/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar sjómanna****Ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu hafi verið gætt skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna vinnuslyss.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M klemmdi vísifingur um borð í skipi 20.06. 2011 þegar unnið var við hífingu á gámi þegar “stýringarflaug” féll niður og vísifingur hægri handar klemmdist. M tilkynnti félaginu um atvik 31.08. 2012. M leitaði nokkrum sinnum á heilsugæslustöð á tímabilinu 22.06. 2011 til 05.07. 2011. Tjónstilkynning var send félaginu sama dag og M leitaði til lögmans.

Félagið hafnar bótaskyldu það telur að M hafi ekki uppfyllt tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Ekki fái staðist að upphaf ársfrests skuli miða við huglæga afstöðu M um það hvenær honum varð orðið ljóst að einkennin væru orðin varanleg enda mjög erfitt að henda reiður á því tímamarki. Síðasta koma M til heilsugæslu var 05.07. 2011 þar sem sár var hreinsað, engin merki um sýkingu og umbúðir þurrar. Hann hafi ekki leitað á heilsugæsluna eftir þetta. Engin læknisfræðileg gögn staðfesti lýsingu M á dofa eða viðkvæmni fyrir kulda en félagið kveðst hafa óskað eftir ítarlegra vottorði frá lögmanni M en ekki fengið. Félagið telur að M hafi verið kunnugt um endanlega greiningu á slysdagi. Bótaskyldu hafi því verið hafnað.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að ársfresturinn hafi ekki verið liðinn þegar slysið var tilkynnt til félagsins á ágúst 2012. M hafi verið alls óljós varanleg einkenni sín í lok 2011. Ekkert hafi gefið honum til kynna á þeim tíma að afleiðingar slyssins yrðu varanlegar.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum gætti M ekki tilkynningarskyldu sinnar skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Hann tilkynnti félaginu ekki um kröfu sína innan þess ársfrest sem nefnt ákvæði kveður á um. Í þessu sérstaka tilviki er rétt að miða upphafstíma tilkynningarfrests við slysdag.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.